

Símenntun

Ársreikningur 2023

Símenntun
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Kt. 540199-3539

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntun er sjálfseignarstofnun og eru markmið hennar meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntun á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntun er með þjónustusamning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tekjur voru umfram gjöld á rekstri Símenntunar á árinu 2023 að fjárhæð 12,2 millj. kr. og nemur eigið fé 35,0 millj. kr. í árslok 2023 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 7 starfsmenn í 4,46 ársverkum á árinu 2023 (2022: 8 starfsmenn í 4,28 ársverkum) og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 14,9 millj. kr. á árinu (2022: 13,5 millj. kr.).

Stjórn Símenntunar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 18. mars 2024.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunar („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 18. mars 2024.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur:			
Styrkir	8	107.442.619	98.074.080
Tekjur vegna námskeiða		21.431.365	14.387.522
Aðrar tekjur	9	11.130.944	24.097.363
		<u>140.004.928</u>	<u>136.558.965</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	10	58.995.230	57.029.546
Námskeiðskostnaður	11	36.072.569	36.552.154
Annar rekstrarkostnaður	12	33.084.141	38.192.668
Afskriftir	3,13	301.512	77.095
		<u>128.453.452</u>	<u>131.851.463</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		11.551.476	4.707.502
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		1.007.776	147.076
Fjármagnsgjöld	(339.486)	(130.173)
Gangvirðisbreyting verðbréfa	(8.878)	(455.129)
		<u>659.412</u>	<u>(438.226)</u>
Tekjur umfram gjöld	15	<u>12.210.888</u>	<u>4.269.276</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki.....		1.302.817	376.611
Fastafjármunir alls	3,13	1.302.817	376.611
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	4,14	4.051.872	7.471.914
Aðrar skammtímakröfur		2.344.499	346.140
Verðbréfaeign.....	5	5.048.205	5.137.382
Handbært fé.....	6	47.039.931	24.733.321
Veltufjármunir alls		58.484.507	37.688.757
Eignir samtals		59.787.324	38.065.368
Eigið fé:			
Bundið eigið fé:			
Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:			
Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá		33.951.744	21.740.856
Eigið fé samtals	15	34.951.744	22.740.856
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		9.591.302	2.771.140
Viðskiptaskuldir.....		2.977.641	4.723.106
Aðrar skammtímaskuldir		12.266.637	7.830.266
		24.835.580	15.324.512
Skuldir samtals		24.835.580	15.324.512
Eigið fé og skuldir samtals		59.787.324	38.065.368

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Símenntunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími áhalda og tækja er 5 ár.

Óinnheimtar tekjur

4. Skammtíma kröfur í árslok 2023 eru færðar niður um 0,21 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

Verðbréfaeign

5. Símenntun hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, verðbréfaeign, meðal veltufjármuna. Á reikningsskiladegi eru verðbréfin færð í markaðsvirði.

Handbært fé

6. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og innistæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Áunnið orlof

7. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 4,8 millj. kr. í árslok 2023.

Sundurliðanir

8. Styrkir	2023	2022
Styrkur frá ríkissjóði	38.100.000	35.200.000
Styrkur vegna erlendra verkefna	11.577.013	13.489.787
Styrkur vegna Fjölmennnt	4.500.000	2.250.000
Styrkur vegna Þróunarsjóðs	714.000	0
Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar	8.586.100	8.774.000
Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA	26.651.574	22.211.000
Styrkur vegna raunfærnimats	6.299.462	8.417.575
Styrkur vegna þjónustu við flóttafólk á Bifröst	2.818.906	3.246.892
Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga	4.200.000	1.800.000
Styrkur vegna FS-NET	125.444	273.706
Umsýsla vegna fjarnema	3.420.000	1.950.000
Aðrir styrkir	160.000	200.000
Endurgreiddur akstur	290.120	261.120
	<u>107.442.619</u>	<u>98.074.080</u>

Skýringar, frh.:

	2023	2022
9. Aðrar tekjur		
Tekjur vegna sóknaráætlunar	3.728.800	2.500.000
Styrkur vegna nám er tækifæri	0	12.581.723
Fræðslustjóri að láni	2.219.036	5.100.890
Tekjur vegna þjónustu við fjarnema	2.624.500	1.219.500
Tekjur vegna námskeiðs tölvulæsi 60+	1.475.000	1.475.000
Ýmsar tekjur	1.083.608	1.220.250
	11.130.944	24.097.363
10. Laun og launatengd gjöld		
Laun	49.827.319	45.160.478
Stjórnarlaun	676.803	963.842
Áfallið orlof, breyting	(960.781)	213.862
Ökutækjastyrkur	834.284	768.986
Tryggingagjald	3.683.013	3.437.013
Lífeyrissjóðsframlag	6.725.608	6.011.107
Önnur sjóðagjöld	1.925.418	1.754.760
Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun	(3.716.434)	(1.280.502)
	58.995.230	57.029.546
Ársverk	4,46	4,28
11. Námskeiðskostnaður		
Aðkeypt þjónusta	34.178.228	33.394.476
Húsaleiga og aðstöðukostnaður	90.000	1.227.350
Námsefni	732.671	525.518
Fjarfundakostnaður	416.812	451.051
Annar kostnaður	654.858	953.759
	36.072.569	36.552.154
12. Annar rekstrarkostnaður		
Greiðslur vegna innlendra og erlendra samstarfsverkefna	8.391.867	10.326.707
Tölvuþjónusta og hugbúnaður	1.997.799	2.073.570
Dagpeningar	0	779.735
Húsnæðiskostnaður	9.328.733	6.017.112
Áskriftir og félagsgjöld	411.990	378.962
Ýmis aðkeypt þjónusta	4.279.453	8.442.682
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda	992.129	290.182
Sími og pósthúðargjöld	709.490	598.537
Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar	534.755	364.056
Ferðakostnaður	1.290.343	963.560
Auglýsingar	1.436.575	4.737.227
Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða	1.382.643	1.358.150
Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar	1.572.436	1.266.183
Kaffistofa	599.418	326.044
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting	(13.994)	(217.469)
Stofnframlög ársins	0	230.000
Annar kostnaður	170.504	257.430
	33.084.141	38.192.668

Skýringar, frh.:

13. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2022	967.709
Viðbót á árinu	349.800
Heildarverð 31.12.2022	1.317.509
Viðbót á árinu	1.227.718
Heildarverð 31.12.2023	2.545.227
Afskrifað samtals 1.1.2022	863.800
Afskriftir ársins	77.095
Afskrifað samtals 31.12.2022	940.895
Afskriftir ársins	301.512
Afskrifað samtals 31.12.2023	1.242.407
Bókfært verð 31.12.2022	376.611
Bókfært verð 31.12.2023	1.302.817

Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna	2023	2022
Niðurfærsla í ársbyrjun	227.250	444.719
Breyting á niðurfærslu á árinu	(13.994)	(217.469)
Niðurfærsla í árslok	213.256	227.250

Eigið fé

15. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:	2023	2022
Flutt frá fyrra ári	1.000.000	1.000.000
	1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:		
Flutt frá fyrra ári	21.740.856	17.471.580
Tekjur umfram gjöld ársins	12.210.888	4.269.276
	33.951.744	21.740.856
Eigið fé 31.12	34.951.744	22.740.856

Skýringar, frh.:

16. Leigusamningar

Símenntun leigir kennslu- og skrifstofuhúsnæði og þá var einnig á leigu bifreið á árinu 2023. Leigusamningar Símenntunar flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar vegna húsnæðis eru annars vegar ótímabundinn samningur og er hann uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hins vegar er til staðar tímabundinn leigusamningur vegna húsnæðis að Smiðjuvöllum 28, sem hefur gildistíma í 5 ár frá afhendingardegi 31.3.2023. Sá samningur kemur í stað fyrri samnings vegna húsnæðis við Bárugötu. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Leigusamningur vegna bifreiðar er að jafnaði til 2ja ára í senn og er hann óverðtryggður.

Rekstrarleigugjöld námu 9.120,7 þús. kr. á árinu 2023 (2022: 6.150,7 þús. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár.

	2023	2022
Leigugreiðslur árið 2024	10.547.241	9.248.540
Leigugreiðslur árið 2025	10.547.241	9.248.540
Leigugreiðslur árið 2026	10.547.241	9.248.540
Leigugreiðslur árið 2027	10.547.241	9.248.540
Leigugreiðslur árið 2028	10.547.241	9.248.540
	52.736.205	46.242.700

Undirritunarsíða

Guðrún Vala Elísdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Silja Eyrún Steingrímsdóttir

Björn Bjarki Þorsteinsson

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Jóhanna María Sigmundsdóttir

Sigríður Helga Sveinsdóttir